

38. stjórnarfundur haldinn í Reykjavík 20. október 2010 kl. 10:30-16:30

Mætt: Anna Kristín Ólafsdóttir, Böðvar Pétursson, Björn Ármann Ólafsson, Björn Ingi Jónsson varamaður Hjálta Þórs Vignissonar, Elín Heiða Valsdóttir, Ólöf Ýrr Atladóttir og Magnús Hallgrímsson að hluta og Þórður H. Ólafsson. Þórunn Pétursdóttir var í síma.

1. Samþykkt dagskrár

- Dagskrá samþykkt

2. Rekstrarmál 2010

Þórður kynnti niðurstöðutölur rekstrar til loka september og er staðan sú að heildarreklarútgjöld eru undir áætlun og heildarsértekjur eru heldur hærri en rekstraráætlunin gerði ráð fyrir og heildarreklararniðurstaðan er sú að nettóútgjöld eru lægri en rekstraráætlun gerði ráð fyrir.

3. Framkvæmdamál 2010

Nýja gestastofan að Skriðuklaustri, Snæfellsstofa, var formlega opnuð af umhverfisráðherra Svandísi Svavarsdóttur þann 24. júní s.l.

Lokaframkvæmdir við Snæfellsstofu á Skriðuklaustri í ár standa nú yfir og stefnt er að lokaúttekt verksins með verktökum og hönnuðum í kringum miðjan nóvember n.k. Úttekt vegna BREEAM vistvæna staðalsins verður síðar.

Nýtt landvarðarhús í Blágiljum á Vestursvæði þjóðgarðsins var tekið í notkun 4. júlí s.l. og heimsótti umhverfisráðherra staðinn og opnaði húsið formlega að viðstöddum þó nokkrum fjölda gesta, sveitarstjórn Skaftárhrepps, hönnuði, verktaka og fleiri góðum gestum.

4. Frumvarp til fjárlaga 2011

Lagt hefur verið fram á Alþingi Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2011. Fjárveitingar, bæði til rekstrar og framkvæmda lækka talsvert frá Fjárlögum 2010.

Miklar umræður sköpuðust um frumvarp til fjárlaga. Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs lýsir yfir miklum áhyggjum um framkomna tillögu í frumvarpinu. Stjórn samþykkir að senda erindi til ráðuneytis um mikilvægi þess að tillagan verði endurskoðuð svo að rekstur og framkvæmdir garðsins verði tryggt árið 2011.

5. Stjórnunar- og verndaráætlun

Anna Kristín Ólafsdóttir, formaður stjórnar afhenti hin 8. september s.l. umhverfisráðherra, tillögu stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs að Stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins til undirritunar, eins og fyrir er skipað í lögum.

6. Önnur mál

- *Deiliskipulag Skaftafelli*
 - Vinnu við gerð nýrrar tillögu að deiliskipulagi fyrir svæðið í Skaftafelli er nánast lokið og er stjórnin samþykkt tillögunni.
 - Ákveðið var að þegar endanlegum lokafrágangi verður lokið verði tillagan send sveitarstjórn Hornafjarðar til skoðunar og lögboðinnar kynningar og frágangs.
- *Deiliskipulag Dettifoss vestur*
 - Vinna er hafin í samvinnu við Vegagerðina (bílastæði) um gerð tillögu að deiliskipulagi fyrir svæðið vestan Dettifoss. Mannvit á Húsavík vinnur þá vinnu og þegar henni lýkur og stjórn hefur samþykkt verður tillagan send Norðurþingi til skoðunar og lögboðinnar kynningar og frágangs.
- *Hitaveita í Skaftafelli*
 - Verið er að skoða þörf þess að dæluþróa enn frekar heitavatnsholuna í Skaftafelli m.t.t. þess að fleiri notendur austan Skaftafells gætu hugsanlega tengst veitunni ef niðurstöður þeirra prófunar reynast jákvæðar og fjármögun og rekstur verði tryggt.
- *Lagabreytingar*
 - Lauslega kynntar hugmyndir, en málinu og frekari umræðu frestað til næsta stjórnarfundar.
- *Stjórnunarfyrirkomulag*
 - Stjórnarformaður, Anna Kristín Ólafsdóttir, ræddi ítarlega um það stjórnunarfyrirkomulag sem unnið hefur verið eftir fram til þessa og brýndi til samstöðu um þá ákvörðun sem í upphafi var tekin varðandi það fyrirkomulag.
- *Ráðningarmál*
 - Frestað til næsta fundar og beðið frekari niðurstöðu Frumvarps til fjárlaga 2011.
- *Launamál*
 - Stjórnarformaður kynnti málið en frekari umræðu og ákvörðun um frekara framhald frestað.
- *Húsnæðismál fastráðinna starfsmanna*
 - Umræða um málið en frekari umræðu og ákvörðun frestað.

- *Fálkasetur í Ásbyrgi*
 - Send var inn á vegum óstofnaðs sjálfseignarfélags umsókn í sjóð Hollvinasamtaka Vatnajökulspjóðgarðs; Vina Vatnajökuls, um styrk til uppbyggingar Fálkaseturs í Ásbyrgi.

- *Nýidalur*
 - Ákveðið að fá Landmótun til að vinna tillögu deiliskipulags fyrir svæðið við Nýjadal með það m.a. að markmiði að þar verði byggt hús fyrir landvörslu á vegum Vatnajökulspjóðgarðs.

- *Fjáraukalög 2010*
 - Samþykkt að send verði beiðni til umhverfissráðuneytisins um aukaframlag inn í Frumvarp til fjáraukalaga 2010.

7. Næsti stjórnarfundur

- Stungið var upp á að næsti stjórnarfundur verði 17. eða 18. nóv. n.k.

Fundi slitið 16:30

ÞHÓ ritaði fundargerð 311010